

Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
150 Reykjavík



## Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 26. mars 2019  
Tilvísun: 2019030643BFR/--

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.**

Persónuvernd vísar til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 11. mars 2019, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti (634. mál á 149. löggjafarþingi 2018-2019, þskj. 1039).

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er markmið þess að tryggja að örugg rafræn auðkenning og sannvottun sé möguleg til aðgangs að nettengdri þjónustu yfir landamæri sem aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu bjóða einstaklingum og lögaðilum. Þá segir að markmiðið sé einnig að auka traust í rafrænum viðskiptum með því að kveða á um réttaráhrif og kröfur til rafrænna auðkenningarleiða og traustþjónustu.

Í 2. gr. frumvarpsins segir meðal annars að ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum (hér eftir nefnd „reglugerðin“), skuli öðlast lagagildi hér á landi.


Þá kemur fram í kafla 3.1. í greinargerð með frumvarpinu að samkvæmt 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar skal vinnsla persónuupplýsinga fara fram í samræmi við tilskipun 95/46/EB, nú almennu persónuverndarreglugerðina nr. 2016/679, sem innleidd var í íslenskan rétt með lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018.

Persónuvernd áréttar mikilvægi þess að farið verði að framangreindri löggjöf. Að öðru leyti gerir stofnunin ekki athugasemdir við frumvarpið.

F.h. Persónuverndar,



Þórður Sveinsson



Bjarni Freyr Rúnarsson